



Drög að ályktun um lífeyrismál

Verkafólk er að öllu jöfnu í meiri hættu á örorku en aðrar stéttir. Misjöfn örorkubyrði einstaka lífeyrissjóða dregur úr getu þeirra til að standa undir greiðslum ellilífeyris.

Til að bregðast við þessu jafnar ríkið örorkubyrði lífeyrissjóða að hluta með jöfnunargreiðslum. Núverandi fyrirkomulag jöfnunargreiðsla er ekki í hlutfalli við misþunga örorkubyrði. Áhersla SGS er að ríkið jafni að fullu örorkubyrði sjóðanna.

Verkafólk vinnur margt krefjandi störf hvort sem er litið til líkamlegs eða andlegs álags. Viðurkenningu vantar í samtryggingarkerfi almannatrygginga á þessu. Skilgreina þarf erfiðis vinnustéttir og viðurkenna að óraunhæft er að ætlast til þess að allar stéttir vinni jafn langa starfsævi. Tryggja skal erfiðsvinnu-stéttum afkomu og framfærslu á efri árum gegnum almannatryggingar með því að hækka framlag ríkisins til verkafólks sem vegna vinnuálags þarf að fara af vinnumarkaði. Aðkallandi er að skilgreina erfiðsvinnu-hópa og vinna áfram hvernig almannatryggingar megi jafna álag yfir starfsævi stétta. Hætta skerðingu almannatrygginga hjá þeim sem eru á lægstu lífeyrisgreiðslum.

Hækkaður lífeyrisaldur hefur mismunandi áhrif á ólíkar starfsstéttir. Einstaklingar sem unnið hafa líkamlega erfiðsvinnu stærstan hluta starfsævinnar eiga erfiðara með að lengja starfsævi sína. Ævilengd fólks er misjöfn eftir störfum og menntunarstigi og lifir fólk með grunnskólamenntun að meðaltali skemur en einstaklingar með framhalds- og háskólamenntun.

Áherslur:

- Lífeyrissjóðir leggi meiri þunga í að koma réttindum til fólks er flyst erlendis til skila.
- Lífeyristökualdur hjá erfiðisvinnustéttum miðist við 67 ára aldur.
- Lífeyrissjóðir beiti sér á hluthafafundum gegn ofurlaunum og bónusum og séu virkir eigendur í fyrirtækjum.
- Ríkið dragi úr skerðingum á lífeyrisþegum í almannatryggingakerfinu.
- Ríkið jafni að fullu örorkubyrði sjóðanna.
- Frítækjumark almannatrygginga vegna lífeyristekna verði með sama hætti og vegna atvinnutekna.